



	
Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi	
Mótt.	25. MAR. 2019
	sign
Skjular.	Álm.

Reykjavík, 14. mars 2019
R17120134
6631
dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hverfisgata 41 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2019 Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. janúar 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. janúar 2019 á svarbréfi skipulagsfulltrúa vegna bréfs Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag fyrir Hverfisgötu 41, ásamt fylgiskjölum. Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Borgin hefur skuldbundið sig til að greiða meira en sextíu og þrjár milljónir til að fá húseigenda til að falla frá fyrri áformum. Nú virðist borgin hafa kostað nýja tillögu um breytingu á húsinu með nýju deiliskipulagi. Alls óvíst er að húsinu verði breytt enda fær húseigandi lokagreiðslu við auglýsinguna samkvæmt samningi við SEA; tíu milljónir króna.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Til að vernda heild gamalla timburhúsa við Hverfisgötu þá óskaði umhverfis- og skipulagsráð eftir því við borgarráð að samið yrði við lóðarhafa með það að leiðarljósi að fella niður byggingarheimildir á reitnum. Marmiðið var að vernda sögu og ásýnd eldri húsa við götuna en jafnframt tryggja endurnýjun og uppbyggingu á grónum stað í Reykjavík.

Ólöf Örvarsdóttir tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Helga Björk Laxdal
e.u.